

Ed.

167. Nefndarálit

um frumvarp til laga um samþykktir um mótak.

Nefnd sú, er háttv. efri deild kaus til að athuga frumvarp þetta, leyfir sjer hjer með að láta uppi álit sitt á þessa leið:

Álitamál er það að vísu, hvort rjett sje að löggjöfin láti til sín taka um þetta mál, en þó telur nefndin eftir atvikum rjett, að þingið veiti með lögum heimild til samþykta um mótak, en þó nokkuð með öðrum hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir, því eins og það liggur fyrir, getur nefndin ekki ráðið til, að það verði samþykkt.

Þörfin á föstum reglum um meðferð mólands verður einkum brýn í grend við kaupstaði og sjávarþorp, þar sem margir nota mótak á sama stað, og þá oft þannig, að flestir leigja mótakið af öðrum. En alment til sveita er slíks miklu minni þörf.

Af þessu leiðir, að ekki getur komið til mála að gera samþykkt fyrir heila sýslu í einu, því að búast mætti við, að í 1 eða 2 hreppum í sýslunni væri mikil þörf á samþykkt, en í hinum lítil, eða engin, og þar því enginn áhugi fyrir málinu. Þar sem þannig væri ástatt, yrði því samþykkt ekki á komið.

Fyrir því virðist nefndinni rjettara að heimila samþykkt fyrir hrepp hvern, er þess óskar, og hafi þá sveitarstjórnin frumkvæði í málinu.

Í 2. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að atkvæðisrjett um samþykkt eigi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum, og auk þess þeir, sem mótak eiga eða yfir mótaki ráða, þótt ekki hafi þeir hinn tilskilda atkvæðisrjett.

Nefndin lítur svo á, að þetta ákvæði mundi, ef samþykkt yrði, verða þess valdandi, að engum samþykktum yrði á komið.

Þeir, sem leigja mótak af öðrum, eru oftast skeytingarlausir um meðferð mólandsins, og fara oftast þannig að, að stórkostleg landspjöll og enda hætta stafar af. Þar sem mótakseigendur hafa sett fastar reglur um meðferð mótaksins, hefir þeim ekki verið hlýtt, enda vantað lagastuðning til þess að framfylgja mætti sektarákvæðum. Það er þess vegna augljóst, að þegar gera á samþykkt til að koma á góðri og hagkvæmri meðferð mótaks, þá muni mótaksleigjendur telja sjer að eins aukna fyrirhöfn með samþykttinni, og mundu þeir því, ef atkvæðisrjett ættu um hana, rísa öndverðir gegn henni. Viðast þar, sem samþykktar er mest þörf, munu landeigendur, eða umráðendur mótaks, vera að eins lítill hluti þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitamálum. Hinir, er enga samþykkt vildu hafa, mundu því altaf vera í miklum meiri hluta, og geta komið í veg fyrir, að nokkur samþykkt yrði gerð.

Að þessu athuguðu, leggjum vjer til, að frumvarpinu verði breytt eins og fram á er farið í eftirfylgjandi breytingartillögum, og viljum vjer ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum.

Alþingi, 7. ágúst 1912.

Eiríkur Briem,
formaður.

Jón Jónatansson,
skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 1. gr.: Greinin orðist þannig:

Heimilt er sýslunefnd að gera samþykkt um mótak fyrir hvern hrepp innan sýslu, þar sem hreppsnefnd óskar þess, til að koma í veg fyrir landspjöll af mótakinu, óhagkvæma meðferð mótaks og hættu af mögröfum.

Í stað 2. greinar frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Nú vilja mótakseigendur í einhverjum hreppi koma þar á samþykkt um mótak, og hreppsnefndin vill styðja það, þá skal hún leggja frumvarp til samþykktar fyrir aðalfund sýslunefndar. Sýslunefndin tekur frumvarpið til ihugunar, og gerir þær breytingar, sem hún telur þörf á. Kveður sýslunefndin síðan til fundar í hreppi þeim, er samþykktin á að gilda fyrir, og eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir þeir, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum og mótak eiga, eða umráð hafa yfir mótaki. Oddviti sýslunefndar, eða sá, sem sýslunefndin hefir kjörið til þess, ákveður fundardag og fundarstað, og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.